

KEILUSKURÐUR – ÁHRIF Á MEÐGÖNGU

Ef kona hefur farið í keiluskurð á leghálsi og ekki fætt fullburða barn eftir það, ætti að öllu jöfnu að bjóða henni tíma/viðtal hjá ráðgefandi fæðinga- og kvensjúkdómalækni fyrir 16. viku. Ef konan hefur fætt fullburða barn (37v) eftir keiluskurðinn þarf hún ekki að fá þennan tíma hjá fæðingalækni. Sama gildir ef hún hefur verið hjá fæðinga- og kvensjúkdómalækni á stofu í byrjun meðgöngu og afstaða hefur þá verið tekin til hugsanlegs eftirlits á meðgöngu.

Ávalt er rétt að kanna hvenær leghálsstrok var tekið og taka strok ef komin er tími til þess skv. ráðleggingum leitarstöðvar KÍ.

Ekki hefur verið sýnt fram á að einn venjulegur keiluskurður auki hættuna á fyrirburafæðingu í síðari meðgöngu.

Ástæða er til sérstaks eftirlits eftirlits ef:

- óvenjustór keiluskurður
- tvítekinn keiluskurður
- fyrri fyrirburafæðing
- núverandi tvíburameðganga

Þá er mælt með því að mæla legháls með ómun frá 16 vikna meðgöngu og vera vakandi fyrir blæðingu frá leggöngum og merkjum um leggangasýkingu.